

Starfsáætlun Eldhamra 2025–2026

Leikskóladeild Grunnskóla Grundarfjarðar

Samþykkt drög (skólaráð) – janúar 2026



Metnaður – Ánægja – Samvinna – Ábyrgð

1. Um Eldhamra

Leikskóladeildin Eldhamrar hóf starfsemi sína vorið 2016 innan húsnæðis Grunnskóla Grundarfjarðar. Þar eru börn á aldri fimm ára sem ljúka leikskólagöngu sinni og hefja undirbúning fyrir grunnskólastarf.

Deildin tilheyrir formlega Grunnskólanum en starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla.

Eldhamrar tengja saman leik- og grunnskólastig og mynda þannig samfellu í námi, leik og þroska.

Deildin nýtir aðstöðu og sérfræðipekkingu skólans en heldur jafnframt í eðli leikskólans þar sem leikurinn er meginnámsleið.

2. Starfsfólk skólaársins 2025–2026

- Kristín Alma Sigmarsdóttir – Deildarstjóri
- Hrafnhildur Bárðardóttir – Deildarstjóri
- Ólöf Ingibjörg Sigurjónsdóttir – Starfsmaður
- Patrycja Aleksandra Gaw – Starfsmaður

Nemendur: 8

Starfsfólk Eldhamra starfar í nánú samstarfi við stjórnendur og kennara grunnskólans. Skólastjóri Grunnskóla Grundarfjarðar ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á deildinni.

Sími skólans er 430-8550

Beinn sími á Eldhamra: **430-8590**

3. Einkunnarorð og gildi

Metnaður – Ánægja – Samvinna – Ábyrgð

Þessi gildi eru leiðarljós í öllu starfi Eldhamra og endurspegla menntastefnu Grundarfjarðarbæjar.

4. Markmið og áherslur

- Tryggja samfellu milli leik- og grunnskóla.
 - Nýta aðstöðu skólans: íþróttahús, sundlaug, gróðurhús, heimilisfræði, smíðastofu og tónlistarskóla.
 - Efla sjálfstæði, ábyrgð og samvinnu barna.
 - Stuðla að læsi, sköpun, hreyfingu og vellíðan.
 - Rækta jákvætt viðhorf og gleði í leik og starfi.
-

5. Samstarf við skóla og samfélagið

Eldhamrar taka þátt í viðburðum grunnskólans (litahlaup, jólaskemmtun o.fl.). Kennarar beggja stiga skipuleggja sameiginleg verkefni sem stuðla að samfelli.

Nemendur vinna með Leikskólanum á Sólvöllum að hinu ýmsu uppbroti yfir árið.

Einnig er gott samstarf við UMFG þar sem eftir áramót fá börnin að taka þátt í skipulögðum íþróttæfingum. Starfsmenn Eldhamra fylgja börnunum og aðstoða í klefum.

6. Náms- og leikskipulag

Daglegt starf byggir á leik, könnun og sköpun.

Kennarar skipuleggja námslegar stundir með samþættingu leik- og grunnskólastarfs.

6a. Dagsskipulag og daglegt starf

- 7:45–9:00 Komur, frjáls leikur
- 9:00–9:30 Morgunhringur, söngur
- 9:30–11:00 Skipulagt starf
- 11:00–12:00 Hádegismatur og róleg stund
- 12:00–13:30 Leikur og verkefni
- 13:30–14:30 Útivist
- 14:30–16:00 Hressing og frjáls leikur

Dagsskipulagið er sveigjanlegt og aðlagð að veðri, árstíðum og þörfum barnanna.

7. Foreldrasamstarf

Foreldrar eiga einn fulltrúa í skólaráði Grunnskólans. Foreldrasamstarf byggir á trausti og gagnsæi, með reglulegum foreldraviðtölum og sameiginlegum viðburðum.

8. Mötuneyti og hollusta

Börn Eldhamra sækja mat inn á deild sem eldaður er. Lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan mat og lærdóm í góðum borðsiðum.

9. Öryggi og velferð

Eldhamrar fylgja öryggisreglum skólans og sinna reglubundnum æfingum. Starfsfólk vinnur í anda *Uppeldis til ábyrgðar* og leggur áherslu á öryggi og vellíðan barna.

9a. Vinátta og samskipti

Á Eldhömrum er lögð áhersla á vináttu, samkennd og ábyrg samskipti. Starfið byggir á verkefninu *Blær – ég er vinur þinn* og gildum *Uppeldis til ábyrgðar*.

Börn læra að setja orð á tilfinningar, hlusta og leysa ágreining með stuðningi fullorðinna.

9b. Fáliðunarreglur

Á Eldhömrum er fylgt fáliðunarreglum sem tryggja öryggi og velferð barna.

Börn eru stundum ein með starfsmanni, t.d. við persónulega aðstoð, en slíkt er sjaldgæft og alltaf gert af nærgætni og með vitund annarra.

Starfsmenn og stjórnendur grunnskólamegin leitast við að sjá um afleysingar ef þörf krefur og því hefur ekki komið til þess að reglurnar þurfi að vera virkjaðar í formlegum skilningi.

10. Viðburðir skólaársins

Eldhamrar taka þátt í viðburðum Grunnskólans:

- Skólabyrjun og skólalok
- Dagur íslenskrar tungu

- Litahlaup, jóla- og vorhátíð
 - Verkefni í gróðurhúsi og tónlistarskóla
-

11. Helstu dagar og árstíðarverkefni

Haut: sjálfsmynd, fjölskylda, náttúra, sjálfbærni.

Vetur: hátíðir, þorablót, vinátta.

Vor: gróður, fuglalíf, útskrift, náttúra Íslands.

12. Mat á starfi og þróun

Innra mat fer fram með daglegri ígrundun og árlegri samantekt. Áhersla er á samfellu og umbætur í leik og námi.

13. Skóladagatal

Eldhamrar fylgja skóladagatali Grunnskólans. Opnun 7:45–16:00. Upplýsingar eru á www.grundo.is.

14. Lokaorð

Starfið á Eldhömrum byggir á gleði, sköpun, leik og virðingu. Markmiðið er að börn upplifi öryggi og trú á eigin getu í samfellu leik- og grunnskólastarfs.

15. Faglegt starf og þróun

Starfsfólk tekur virkan þátt í símenntun og þróunarverkefnum, m.a. í læsi, málörvun og útikennslu. Samvinna við Grunnskólann og þátttaka í Erasmus+ styður faglega þróun.

16. Viðmið og tenging við Aðalnámskrá leikskóla

Starfið byggir á grunnþáttum menntunar:

- Læsi
- Heilbrigði og velferð

- Jafnrétti
- Lýðræði og mannréttindi
- Sjálfbærni
- Sköpun
- Menning og samfélag